

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 - 1991

9. ágúst 1991

707

Nr. 384

REGLUR

um fastan gerðardóm, er starfar eftir 72. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

1. gr.

Starfa skal fastur gerðardómur, sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining, sem rís af starfi skipverja, ef báðir (eða allir) málsaðilar óska þess.

2. gr.

Gerðardómurinn hefur aðsetur í Reykjavík. Gerðardómurinn hefur heimild til að halda dómþing hvar sem er á landinu ef ástæða þykir til.

3. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá hæfa og óvilhalla menn í gerðardóminn og skal hver þeirra skipaður til tveggja ára í senn. Þeir skulu vera löglærðir og fullnægja almennum skilyrðum til að vera skipaðir héraðsdómarar. Skal einn þeirra vera formaður dómsins en annar varaformaður. Auk þess skulu skipaðir tveir varamenn í dóminn til tveggja ára í senn. Skulu þeir fullnægja sömu hæfisskilyrðum og aðalmenn.

Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð.

Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.

Gerðardómur sker úr um ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna.

4. gr.

Að jafnaði skulu þrír gerðarmenn sitja í dómi í hverju máli. en í smærri málum getur dómsforseti þó ákveðið, að einn gerðarmaður sitji í dómi.

Gerðarmenn skulu allir taka þátt í störfum dómsins þegar hann er fjölskipaður. Formaður gerðardómsins getur þó einn tekið við skjólum og sinnt öðrum minni háttar framkvæmdaratriðum.

5. gr.

Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Gerðardómurinn kveður á um málskostnað milli aðila ef báðir (allir) aðilar gera um það kröfu.

6. gr.

Eftir að málsaðilar hafa komið sér saman um að leita til gerðardómsins út af ágreiningsefni, skulu þeir senda formanni dómsins sameiginlega skriflega beiðni um það. Í beiðninni skal tilgreina aðila máls, heimilisföng þeirra og kennitölur, umboðsmenn aðila ef einhverjir eru og hverjir taki við tilkynningum fyrir aðila. Þá skal á-

Nr. 384

708

9. ágúst 1991

greiningsefni stuttlega lýst og með hvaða hætti það eigi undir gerðardóminn.

Svo skjótt sem auðið er, sendir dómsforseti aðilum eða talsmönnum þeirra tilkynningu um fyrirtöku málsins.

7. gr.

Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðisreglu.

Gerðardómurinn ákveður sjálfur málsmeðferð. Hraða skal gerðarmáli svo sem kostur er. Málflutningur fyrir gerðardómnum skal að jafnaði vera munnlegur og ætíð ef aðili krefst þess.

Dómurinn heldur gerðarbók þar sem skráð eru þinghöld og dómsorð rituð.

8. gr.

Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að dómi standa. Sátt fyrir gerðardómi skal vera skrifleg og undirrituð af aðilum og gerðarmönnum.

9. gr.

Dómar gerðardómsins og sáttir sem gerðar eru fyrir honum eru bindandi fyrir báða (eða alla) málsaðila um efnisatriði máls eftir sömu reglum og almennt gilda um samningsbundna gerðardóma, sbr. lög nr. 53/1989.

10. gr.

Að því leyti, sem ekki er öðruvísi kveðið á í reglum þessum, skal við málsmeðferð fyrir gerðardómnum gætt meginreglna laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði með síðari breytingum¹.

11. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 72. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. ágúst 1991.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

1) Sbr. nú l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála.